

EFTIRLITSSKÝRSLA

Lækjarbotnablaikja Lækjarbotnum, Hellsu



Dags eftirlits	29.7.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Lækjarbotnablaikja	Eftirlitsmaður	
Heimili	Lækjarbotnum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	121154-5529	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðlaugur H. Kristmundsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu og engin ábending var gerð. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Lækjarbotnablaikju. Guðlaugur Kristmundsson var fulltrúi rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Lækjarbotnablaikja er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 15. janúar 2014 og gildir til 15. janúar 2025.

Starfsleyfið gildir fyrir fiskeldi og seiðaeldi annað en sjókvíaeldi.

Reksturinn er í samræmi við Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028.

Dagskrá:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Við eftirlitið var ekkert frávik opið.

Framleiðsla árið 2021 var um 14 tonn.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

- Önnur mál

Rekstraraðila var bent á að ef hann fellur í sama eftirlitsflokk og undanfarin ár, verður næsta eftirlit Umhverfisstofnunar árið 2024. Þar sem starfsleyfi Lækjarbotnablaikju rennur út í janúar 2025, verður að sækja um nýtt starfsleyfi áður en að því eftirliti kemur.

- Skoðunarferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Ekkert athugasvert sást.

Reykjavík, 22.08.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu

heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Freyr Ævarsson